

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Biðskylda verður á Suðurhlíð gagnvart umferð um Bústaðaveg.
 2. Stöðvunarskylda verður á Bergstaðastræti gagnvart umferð um Njarðargötu í stað biðskyldu sem nú er.
 3. Stöður bifreiða verða bannaðar að austanverðu á Fríkirkjuvegi á 30 m. kafla til suðurs frá Skálholtsstíg.
- Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 25. þ. m.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 17. nóvember 1983.

Sigurjón Sigurjónsson.

AUGLÝSING

um veitingu sérleyfis til áætlunarflugs.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Norðurlands hf., Akureyri, sérleyfi til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst, á eftirtöldum flugleiðum, tímabilið 1. janúar 1984 til 31. desember 1984:

Akureyri — Siglufjörður — Akureyri

Akureyri — Grímsey — Akureyri

Akureyri — Kópasker — Akureyri

Akureyri — Vopnafjörður — Akureyri

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á téðri flugleið, en jafnframt skylda til að halda uppi áætlunarferðum eftir því sem flutningaþörf krefur að mati ráðuneytisins.

Samgönguráðuneytið, 17. nóvember 1983.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.